

Vefveggspjöld – Padlet

Á UT-menntabúðum I kynnti Svava Pétursdóttir, Nýdóktor við [Háskóla Íslands](#), [Padlet vefverkfærið](#).

Vefveggspjöld er hægt að gera í stað hefðbundinna klippa og líma veggspjöld þar sem nemandi kynnir sér eitthvað viðfangsefni og setur fram á veggspjaldi. Þannig mætti nota vefveggspjöld til að safna saman og setja fram hvaða upplýsingar sem er.

Padlet er ókeypis vefverkfæri, með því er hægt að skrifa texta, setja inn myndir og myndskleið á „vegg“ (veggspjald) sem er opið á vefsvæði vefsvæði Padlet. Allt þetta er mögulegt að gera án innskráningar.

Svava gerði eitt veggspjald á meðan menntabúðirnar stóðu yfir, [smelltu hér til að skoða það](#).

Nánari umfjöllun um verkfærið er að finna á [bloggsíðu Svövu](#).

Menntabúðir 1 – fréttir

Fyrstu menntabúðir vetrarins voru haldnar í dag. Slagorð dagsins voru „***Trix, tækni og tengslanet***“. Einstaklega var gaman að sjá hversu margir mættu og tóku þátt í þessari velheppnuðu tilraun með okkur.

Svæðinu var skipt upp í 7 stöðvar og voru umfjöllunarefni af ýmsum toga. Dagskráin gerði ráð fyrir eftirfarandi umfjöllunarefnum: [twitter](#) (#menntabudir @ut_torg), [Doceri](#), [TouchCast](#), [Turfhunt](#), [Relanpro](#), [PowToon](#), [Vendikennsla](#), [Opið menntaefni](#), [Pinterest](#), [Vefveggspjöld](#).

Mikið fjör og góðar umræður sköpuðust sem náðu langt út fyrir dagskránnu og var almennt mat þátttakenda að búðirnar hefðu tekist vel. Einnig komu fram tillögur um umfjöllunarefni fyrir næstu menntabúðir sem verða haldnar fimmtudaginn 7. nóvember. [Skráning er þegar hafin.](#)

[Sólveig Jakobsdóttir](#) og [Svava Pétursdóttir](#) fjalla um menntabúðirnar á bloggsíðum sínum. Smelltu á nöfnin þeirra til að lesa færslurnar.

Myndirnar hér fyrir neðan voru teknar á menntabúðunum 31. október 2013.





